

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1989

21. mars 1989

239

Nr. 10

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 21. mars 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

30. mars 1989

Nr. 11

LÖG

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna breytist svo:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Á sama hátt skal Seðlabanki Íslands láta sömu reglur, eða jafngildar, gilda um verðbréfasjóði með kaupskyldu á öruggum verðbréfum, einkum ríkisskuldabréfum, eftir því sem við getur átt.
- b. 4. mgr. orðist svo:

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við íslenskan gjaldmiðil í sjóði, óbundin nettóinnlán í íslenskum gjaldmiðli í bönkum, heildareignir að frádrögnum heildarskuldum, sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla, ríkisvísla eða aðrar sambærilegar eignir.